

# Stofnanasamningur

Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE), Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða (HVEST), Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN), Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA), Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU), Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) og Íðjubjálfafélags Íslands (ÍPÍ).

## 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til iðjubjálfa hjá ofangreindum heilbrigðisstofnunum sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Íðjubjálfafélags Íslands (ÍPÍ) og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og tekur tillit til Gerðardóms dags. 14. ágúst 2015.

## 2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnana, hvetji til árangurs og að starfsfólk geti aukið við hæfni sína og þróast í starfi.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsfólk sem hefur hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnunum er ætlað að sinna.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnana og verði starfsfólki hvatning til markvissari vinnu og skilvirkni.
- Að launakerfið stuðli að jafnrétti. Öll kyn njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.
- Að leitast verði við að umbuna starfsfólki sérstaklega t.d. með því að tengja tilteknar launagreiðslur árangri í starfi.

## 3. Grunnröðun starfa

### 3.1 Almennar forsendur röðunar

Samningur þessi nær til starfaflokka sem eru skilgreindir og grunnraðað í launaflokka. Tekið er mið af því að starfsréttindi iðjubjálfa krefjast 60 ECTS eininga diplómanáms á meistarastigi til viðbótar við 180 ECTS einingar til BS gráðu í iðjubjálfunarfræði, samtals 240 ECTS eininga. Starf iðjubjálfa raðast því einum launaflokki hærra, að lágmarki en störf sem einungis krefjast grunnháskólamenntunar (BS/BA). Ef grunnkrafa starfsins, samkvæmt starfslýsingu er meistaraþróf þá raðast starfið að lágmarki tveimur launaflokkum hærra en grunnháskólamenntun og við doktorsþróf þremur launaflokkum hærra. Í skilgreiningum starfaflokka iðjubjálfa liggja starfslýsingar til grundvallar. Dregnar eru fram grunnkröfur, starfsins, ábyrgð, helstu þættir og starfsþróun.

### 3.2 Starfaflokkar og lágmarksröðun

Við lágmarksröðun starfa í launaflokka hefur verið gert ráð fyrir viðbótarnámi ofan á grunnháskólagráðu, það er 60 ECTS einingum til starfsréttinda.

Iðjubjálfi A:	Launaflokkur 9
Iðjubjálfi B:	Launaflokkur 11
Iðjubjálfi C:	Launaflokkur 12
Deildarstjóri:	Launaflokkur 15

### 3.3 Skilgreiningar starfaflokka

#### Iðjubjálfi A:

Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þverfaglegu samstarfi og þróun starfs á sinni einingu. Útbýr íhlutunaráætlanir, metur framvindu og árangur iðjubjálfunar. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og sinnir fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda. Skal eiga kost á handleiðslu frá reyndari iðjubjálfa innan eða utan stofnunar.

#### Iðjubjálfi B:

Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Útbýr íhlutunaráætlanir, metur framvindu og árangur iðjubjálfunar. Hefur umsjón með og skipuleggur eigin störf og annarra ásamt þeim verkefnum sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu innan og utan stofnunar, leiðbeinir samstarfsfólki og nemum. Sinnir fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda og annarra í nærumhverfi skjólstaðings. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi og sinnir málstjórn ef við á. Þróar starf á sinni einingu. Verkstjórn annars starfsfólks getur falist í starfssviðinu. Gert er ráð fyrir að iðjubjálfi uppfylli þessi skilyrði eftir 6-12 mánuði í starfi frá útskrift.

#### Iðjubjálfi C:

Er reyndur iðjubjálfi á sínu fagsviði. Hefur umsjón með og skipuleggur eigin störf og annarra ásamt þeim verkefnum sem því fylgja. Sinnir málstjórn. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi, kemur að gerð gæðaskjala og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Tekur þátt í eða leiðir teymisvinnu og þróun starfsemi á sinni einingu. Stjórnar og skipuleggur starfsemi í samræmi við sýn og stefnu stofnunarinnar. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða íhlutun. Heldur utan um og skipuleggur hópastarf. Skipuleggur og veitir fræðslu innan og utan stofnunar, leiðbeinir samstarfsfólki og nemum. Er leiðandi í þróun fagsins og þjónustu iðjubjálfa sem veitt er, í samráði við sviðstjóra eða deildarstjóra. Er launaður staðgengill deildarstjóra þegar við á.

#### Deildarstjóri:

Sama og iðjubjálfi C en hefur stjórnunarlega ábyrgð, þ.e. fjárhagslega, mannauðslega og rekstrarlega ábyrgð.

### 4. Persónubundnir þættir

Álagsþrep og launaflokkar fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir kunnáttu eða reynslu viðkomandi iðjubjálfa. Dæmi um persónubundna þætti eru menntun, reynsla, sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi en er ekki metin við grunnröðun starfsins. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingu á starfssviði viðkomandi starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

#### 4.1 Formleg viðbótarmenntun

Iðjubjálfi sem hefur lokið formlegri viðbótarmenntun fær álagsþrep sem hér segir:

Diplómanám 30 ECTS einingar	1 þrep
Diplóma nám 60 ECTS einingar	2 þrep
Meistarapróf 90-120 ECTS einingar	4 þrep
Doktorspróf	3 launaflokkar

Hafi iðjubjálfi tekið próf sem felur í sér löggildingu, eða aflað sér tiltekinna réttinda, leyfis eða vottunar sem nýtist í starfi og er á fagsviði viðkomandi má meta það til a.m.k. eins álagsþreps. Hækkunar vegna viðbótarmenntunar ber að meta svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum komi til frádráttar. Þannig

getur starfsmaður fengið allt að 4 þrep til viðbótar grunnröðun fyrir diplóma- og meistaranám en 3 launaflokka fyrir doktorspróf.

#### **4.2 Önnur viðbótarmenntun**

Iðjuþjálfari sem stundar sí- og endurmenntun í formi klínískra námskeiða eða fagráðstefna fær eitt þrep fyrir hverjar 120 kennslustundir. Álagsþrep fyrir þennan lið eru að hámarki tvö.

#### **4.3 Starfsaldur**

Fagreynsla er metin á eftirfarandi hátt:

- Iðjuþjálfari með 5 ára fagreynslu hækkar um 1 þrep
- Iðjuþjálfari með 10 ára fagreynslu hækkar um 1 þrep
- Iðjuþjálfari með 15 ára fagreynslu hækkar um 1 þrep
- Iðjuþjálfari með 20 ára fagreynslu hækkar um 1 þrep

#### **4.4. Hækkun umfram átta þrep**

Iðjuþjálfari sem hefur áunnið sér hækkun vegna atriða í greinum 4.1-4.3 ofan á grunnröðun starfs í launaflokk og hækkun er umfram 8 þrep færast í næstu launatölu launaflokks fyrir ofan.

#### **5 Tímabundnir þættir**

Auk almennra starfa og verkefna sem þeim tilheyra eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að starfsmaður geti fengið eitt til tvö álagsþrep fyrir að sinna sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð sem fellur utan þess hefðbundna og er staðfest af yfirmanni viðkomandi sviðs. Slík verkefni vari ekki lengur en 12 mánuði. Dæmi um verkefni:

- Tímabundin aukin ábyrgð og álag
- Innleiðing verkefna, nýrrar tækni eða breyttra starfshátta
- Stjórnun tímabundins samstarfs eða teymisvinnu innan stofnunar eða utan
- Þróun og nýsköpun í þjónustu

#### **6 Réttur til handleiðslu**

Iðjuþjálfar eiga rétt á handleiðslu frá reyndari iðjuþjálfara innan eða utan stofnunar, allt að átta tímum á ári á kostnað stofnunar.

#### **7 Starfsmannasamtal**

Árlega skulu yfirmenn bjóða undirmönnum sínum starfsmannasamtal. Þar gefst aðilum kostur á að ræða frammistöðu, starfsþróun, verkefnastöðu, starfsánægju, samskipti, aðbúnað, starfslýsingu og stjórnun.

#### **8 Launaviðtal**

Iðjuþjálfari getur óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári til að ræða launasetningu sína og kjör. Viðtalið skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að óskað hefur verið eftir því eða eftir nánara samkomulagi. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 9 gr. þessa stofnanasamnings.

#### **9 Samstarfsnefnd og ágreiningsmál**

Ef ágreiningsmál koma upp vegna röðunar starfsmanna í launaflokka samkvæmt samningi þessum skal ágreiningi vísað til samstarfsnefndar heilbrigðisstofnana og Iðjuþjálfafélags Íslands.

## **10 Grundvöllur og gildistími**

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings Lögjúpjálfafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. gr. 11.1, 11.2 og 11.3 í þeim samningi og gildir frá 1. desember 2022.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun, sjá öftustu síðu.

**Bókun 1**

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal fara yfir forsendur launaröðunar allra iðjupjálfa á ofangreindum heilbrigðisstofnunum og starfsstöðvum þeirra. Þessi endurskoðun skal aldrei leiða til launalækkunar hjá einstaka iðjupjálfum. Stefnt skal að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 20. maí 2023.

**Bókun 2**

Aðilar eru sammála um að áfram verði unnið að því að jafna kjör sambærilegra fagstétta í samræmi við jafnlaunavottun stofnana. Unnið verður samkvæmt því við endurskoðun næstu stofnanasamninga.

# Undirritunarsíða

Heilbrigðisstofnun Norðurlands  
Bryndís Lilja Hallsdóttir

Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
Þórgunnur Stefánsdóttir

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða  
Hanna Þóra Hauksdóttir

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja  
Helga Hauksdóttir

Heilbrigðisstofnun Austurlands  
Nína Hrönn Gunnarsdóttir

Heilbrigðisstofnun Suðurlands  
Cecilie B. H. Björgvinsdóttir

Iðjupjálfafélag Íslands  
Þóra Leósdóttir